



Stjórnarfundur FRÍ

Dags: Þriðjudagur, 31. maí 2022

Fundur: 5. fundur stjórnar 2022-2024

Staðsetning: Zoom

Mætt:

Aðalstjórn: Aðalbjörg Hafsteinsdóttir, Auður Árnadóttir, Bergþóra Guðjónsdóttir, Freyr Ólafsson, Jóhann Haukur Björnsson.

Varastjórn: Björgvin Víkingsson, Eiríkur Mörk Valsson, Hjördís Ólafsdóttir, Kári Steinn Karlsson, Rannveig Óddsdóttir.

Starfsmenn: Guðmundur Karlsson, ~~Íris Berg Bryde~~

Formaður setti fund klukkan 16:30 og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. Fundarboðun og rafrænt afgreidd erindi.

Fundarboðun samþykkt.

Samþykkt á milli funda:

- Fundargerð fundar 4 samþykkt rafrænt á milli funda.
- Stjórn samþykkti að sæma forseta Íslands, hr. Guðna Th. Jóhannesson, gullmerki sambandsins og að gera Guðmund Kr. Jónsson að heiðursfélaga sambandsins á afmælistóti FRÍ sem fram fór á Selfossi laugardaginn 28. maí. Þar voru voru allir Ólympíufarar Íslands, í frjálsum íþróttum, frá upphafi einnig heiðraðir.
- Íþrótta- og afreksnefnd FRÍ ásamt afreksstjóra sendi til stjórnar til samþykkis, val keppenda, fagteymis, þjálfara og fararstjóra á næstu tvö mót, NM í fjölþrautum og Smáþjóðameistaramótið. Var það val samþykkt. Sjá nánar á vef FRÍ.
- Rafrænt afreitt erindi varðandi Ólympíusamhjálpa (e. Olympic Solidarity) en að þessu sinni hlutu þrír íþróttamenn styrk.

2. Afmælistót FRÍ uppgjör - Varaformaður ofl.

Það var samdóma álit stjórnar að afmælistót FRÍ hafi heppnast einstaklega vel og sambandið geti verið stolt af viðburðinum. Allt gekk upp og var til fyrirmyndar. Fjöldi gesta, góður árangur keppenda, móttökur og framkvæmd á Selfossi, fjölmiðlaumfjöllun, samstarf við styrktaraðila og svo mætti lengi telja.

3. Mótaverkefni framundan, innan lands og utan - framkvæmdastjóri

Framkvæmdastjóri fer yfir val á Smáþjóðaleika á Möltu og NM í fjölþraut í Finnlandi sem fara fram 11.-12. júní. Vali lauk föstudaginn 27. maí og var tilkynnt 30. maí. 16 keppendur taka þátt á Smáþjóðaleikunum og 6 á þrautamótinu. Það er því góður hópur íþróttamanna að fara á bæði mótin, ásamt fagteymum. Vel gekk að manna fagteymin en þó voru, eins og oft, nokkur vandræði með kynjaskiptingu þar sem erfitt hefur verið að fá konur með í ferðirnar. Kostnaður þó nokkuð yfir áætlun vegna hækkunar á flugfargjöldum. Styrkur frá Evrópusambandinu mætir því þó að einhverju leyti. Einnig sagt í stutt máli frá helstu öðrum alþjóðlegum mótum framundan í sumar í sumar, m.a. EM, HM og Bauhaus.

Stuttlega rætt um erindi sem barst frá stjórn Breiðabliks þar sem val á smáþjóðaleika var gagnrýnt. Framkvæmdastjóri fór yfir að það mál væri í vinnslu og svara að vænta á næstu dögum. Í því sambandi var rætt um mikilvægi þess að yfirfara og uppfæra vinnureglur varðandi val og tryggja að upplýsingaflæði sé bæði frá sambandi til félaga og öfugt.

4. Nordic Technical Conference og Norðurlandamót - Masters

Nordic Technical Conference er ráðstefna sem haldin verður hér á landi í haust. Þátttökulöndin skiptast á að halda ráðstefnuna og er nú komið að Íslandi. Skrifstofa og stjórn þurfa að koma að skipulagi, finna tímasetningu, staðsetningu o.s.frv. Norðurlandamót í masters flokkum verður einnig haldið í Reykjavík í vetur, annað hvort síðustu helgina í febrúar eða fyrstu helgina í mars. Stjórn og skrifstofa þurfa að koma að skipulagi mótsins, taka ákvörðun um dagsetningu, bóka hótél, semja við félag um að halda mótið o.s.frv.

5. Hlaupaverkefnið, stöðuskýrsla

Starfshópur stjórnar varðandi hlaupaverkefnið fór stuttlega yfir stöðuna á hlaupaverkefninu og vinnu langhlaupanefndar. Mikið og vel unnið efni liggur nú fyrir frá langhlaupanefnd þar sem farið er yfir stöðuna og ólíka möguleika í framtíðinni. Búið er að safna upplýsingum og kominn tími á að stíga næstu skref og taka ákvarðanir. Verið er að vinna minnisblað í hópnum sem verður lagt fyrir stjórn í síðasta lagi á næsta stjórnarfund. Í vinnunni hefur verið gert ráð fyrir að um sé að ræða 50 þúsund skráningar, 150 milljónir í veltu á ári. Greiningar skrifstofu gera hins vegar ráð fyrir að þessar tölur séu eitthvað lægri, eða rétt um 20 þúsund skráningar. Það er því mikilvægt að greina þessar tölur mun betur. Stjórn veitir langhlaupanefnd og starfshópi stjórnar umboð til að halda starfinu áfram, taka næsta skref, og sækjast eftir samstarfs- og styrktaraðilum. Hópurinn þarf að leggja fram tekju- og þjónustulíkan, s.s. að X greiðsla renni til FRÍ af hverri skráningu, annars vegar fyrir (a) utanumhald á öllum afrekum og skráðum tímum og hins vegar fyrir (b) vottun á hlaupum. Vottun gæti verið ólík milli hlaupa, t.d. gull, silfur og brons, þar sem þjónusta væri mismikil. Miðað við þessar forsendur er raunhæft að áætla að FRÍ auki tekjur sínar um 20 milljónir á ári. Það fjármagn myndi þá renna í að halda utan um hlaupin og verkefni þeim tengd, og í laun verkefnastjóra sem sæi um hlaupamál á skrifstofu sambandsins. Samhliða þessari vinnu þarf að skýra betur hvað skuli felast í vottun. Tryggja skal að kostnaður sambandsins verði óverulegur áður en tekjur skila sér inn á móti. Mikilvægt að hafa samband við fjársterka aðila varðandi samstarf og styrki.

6. Starfsmannamál - hlaup

Framkvæmdastjóra veitt leyfi til að bjóða starfsmanni einhverjar greiðslur vegna unninna starfa varðandi hlaupaverkefnið.

7. Önnur mál

Formaður segir frá vígslu nýs vallar ÍR-inga þann 29. maí, þar sem hann afhenti ÍR og Reykjavíkurborg blómvendi og hélt stutta ræðu fyrir hönd sambandsins í tilefni dagsins. Völlurinn er hinn glæsilegasti og frábær viðbót við umgjörð frjálsra íþróttar.

Sagt var frá óformlegum fundi stjórnarmanns við fyrirtæki vegna samstarfs FRÍ og Íþróttafélags fatlaðra. Mikil jákvæðni var gagnvart samstarfi í ákveðnum verkefnum og ákveðið að skoða það nánar þegar að því kemur.

Framkvæmdastjóri segir frá Afreksmiðstöðvarfundi að frumkvæði ÍSÍ þar sem rætt var um að hefja samstarf við háskólana strax í haust um mælingar, læknaþeymi og slíkt, í stað þess að bíða eftir að húsnæði verði klárt. Mikil umræða var um málið og lagði sambandið áherslu á frekari uppbyggingu í Laugardalnum, sem miðstöðvar íþróttar.

Elnnig rætt um mikilvægi þess að virkari mótaumsýsla verði innan stjórnar og skrifstofu, til þess að fá fleiri mót metin á alþjóðlegum vettvangi og tryggja þannig okkar keppendum fleiri punkta.

Ekki fleira rætt og fundi slitið kl. 17.30

Ritun fundargerðar, Bergþóra Guðjónsdóttir.